

# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F102/2021

Reykjavík, 7. september 2021

Ásmundur Einar Daðason  
félags- og barnamálaráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Vísað er til fyrri samskipta við félagsmálaráðuneytið vegna athugunar umboðsmanns Alþingis á framkvæmd Tryggingastofnunar við afgreiðslu umsókna um örorkulífeyri m.t.t. þess hvort hún kunnir að hafa tekið breytingum þannig að umsóknum, einkum frá ungu fólki, sé í auknum mæli synjað á þeim grundvelli að endurhæfing sé ekki fullreynd.

Svar ráðuneytisins við fyrirspurn umboðsmanns, m.a. um hvort ráðherra þætti tilefni til að bregðast við þeim upplýsingum sem fram komu í bréfinu á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna og þá með hvaða hætti, barst með bréfi, dags. 8. júlí sl. Þar kemur m.a. fram að ráðuneytinu hafi á undanförunum vikum og mánuðum borist nokkrar kvartanir vegna afgreiðslu örorkumats. Í tilefni af því og fyrirspurn umboðsmanns hafi ráðuneytið óskað eftir nánar tilteknum upplýsingum frá Tryggingastofnun. Í svarbréfi ráðuneytisins eru síðan tekin upp ákveðin atriði úr svörum stofnunarinnar varðandi bæði hlutverk hennar og verklag þegar kemur að mati á því hvort endurhæfing sé talin fullreynd. Þá er vísað til þeirrar stefnu stjórnvalda að leggja aukna áherslu á að endurhæfing sé reynd áður en örorka sé metin.

Loks kemur fram að ráðuneytið telji þó, m.a. með vísan til athugasemda og ábendinga sem fram hafi komið, tilefni til að fara yfir framkvæmd Tryggingastofnunar hvað varðar rökstuðning synjana og leiðbeiningar til umsækjenda, auk þess sem unnið verði að því að styrkja samvinnuvettvang þjónustuaðila, þ.e. Tryggingastofnunar, heilsugæslunnar og endurhæfingaraðila til þess að tryggja heildræna og samfellda þjónustu. Ráðuneytið muni fylgja þessu eftir og fara nánar yfir málið, m.a. á reglulegum samráðsfundum ráðuneytisins og Tryggingastofnunar. Þá hafi ráðuneytið ákveðið, að tillögu Tryggingastofnunar, að koma á fót starfshópi, með aðkomu stofnunarinnar

sjálfrar, Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalags Íslands og/eða Þroska-  
hjálpur, auk ráðuneytisins, sem skoði hvernig best megi tryggja  
samfellda þjónustu við unga einstaklinga með skerta starfsgetu.

Með vísan til þess sem kemur fram í svari ráðuneytisins um athugun  
á framkvæmd Tryggingastofnunar varðandi tiltekin atriði er þess óskað,  
sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið  
upplýsi umboðsmann um hvað muni nánar tiltekið felast í þeirri yfirferð  
ráðuneytisins og hvort fyrir liggi áætlun um hvenær henni verði lokið.  
Þá er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um niðurstöður yfir-  
ferðar ráðuneytisins að henni lokinni. Liggi þegar fyrir einhverjar  
niðurstöður er þess jafnframt óskað að umboðsmanni verði veittar upp-  
lýsingar um þær. Hafi ráðuneytið gripið til einhverra frekari aðgerða  
en umboðsmaður hefur þegar fengið upplýsingar um er loks óskað  
upplýsinga um í hverju þær felist.

Þess er óskað að svör ráðuneytisins berist umboðsmanni ekki síðar  
en 28. september nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis



Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir,  
forstöðumaður frumkvæðisathugana